

**Þingeyjarsveit
Kjarna
650 Laugum
b.t. Dagbjartar Jónsdóttir**

11. febrúar 2019

Málefni: Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna lagningar á Þeistareykjavegi syðri í Þingeyjarsveit.

Þess er hér með farið á leit með tilvísan í 13.gr. í skipulags- og byggingarlögum nr. 123/2010 að sveitarstjórn Þingeyjarsveitar veiti framkvæmdaleyfi fyrir lagningu vegarins í Þingeyjarsveit. Jafnframt er óskað eftir leyfi fyrir efnisstöku úr opinni námu á Þeistareykjum, námu ÞRN-2.

Þeistareykjavegur syðri.

Nú í sumar hyggst Landsvirkjun hefja framkvæmdir við Þeistareykjaveg syðri og er áætlaður verktími þrjú sumur. Sumrin 2019 og 2020 verður unnið að uppbyggingu vegar en sumarið 2021 verður lagt efra burðarlag og bundið slitlag. Uppbygging nýs vegar er á 17,15 km löngum kafla. Nyrðri útboðsmörk eru í stöð 30400, við Tjarnarás, um 3 km sunnan við stöðvarhús Þeistareykjarvirkjunar, og syðri útboðsmörkin eru í stöð 47550, sem er tenging inn á Kísilveg (87). Einnig verður, á þriðja ári framkvæmda, lagt slitlag á áður uppbyggðan veg við Tjarnarás frá stöð 28.400 að stöð 30.400.

Um er að ræða veg í vegflokki C7 samkvæmt flokkun Vegagerðarinnar.

Framkvæmdasvæðið er í landi Þeistareykja í Þingeyjarsveit og Grímsstaða í Skútustaðahreppi. Ofangreindar framkvæmdirnar eru í samræmi við umhverfismat Landsnets frá 2010 um háspennulínur frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík, Svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025, Deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar 2015, Deiliskipulagsbreytingu fyrir Þeistareykjavirkjun 2019, Aðalskipulag Skútustaðahrepps 2011-2023 og Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022.

Áætlað efnismagn í veg er:

45.000 m³ af fyllingum úr námu HSN-1 á Hólasandi í Skútustaðahreppi.

80.000 m³ af fyllingum úr námu HS-04 á Hólasandi í Skútustaðahreppi

190.000 m³ af fyllingum og burðalögum úr námu ÞNR-2 á Þeistareykjum.

30.000 m³ af efra burðarlagi og slitlagsefnum úr námu ÞNR-2 á Þeistareykjum. Framangreindar námur eru allar á gildandi aðalskipulagsuppráttum Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar.

Fylgiskjöl: Þeistareykjavegur syðri-Yfirlit
Þeistareykjavegur syðri-Kennisnið

Virðingarfyllst,

Valur Knútsson
Verkefnisstjóri